

Aðgangur að síðarnefndum fundargerðum er utanaðkomandi aðilum óheimill nema með samþykki viðkomandi einstaklings eða málsvara hans.

VII. KAFLI

Fjármál svæðisráða.

17. gr.

Svæðisráð fær úthlutað ákveðinni fjárhæð á fjárlögum hvers árs til útgjalda vegna þóknunar til fulltrúa í svæðisráði annars vegar og útlags kostnaðar hins vegar. Svæðisráð gerir árlega áætlun um ráðstöfun fjárens. Fjárhæðin skal vistuð hjá svæðisskrifstofu undir sérstöku fjárlaganúmeri og annast hún útgreiðslur. Útgreiðslur eru því aðeins heimilar að fyrir liggja fyrirsmáli og samþykki formanns svæðisráðs.

Félagsmálaráðherra ákveður laun vegna starfa í svæðisráði.

18. gr.

Félagsmálaráðuneyti skal, að fengnum tillögum svæðisráðs, áætla útgjöld vegna starfa trúnaðarmanna fatlaðra, sem ráðnir eru af svæðisráði skv. 7. gr. og staðfesta ráðningarsamning þeirra.

19. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992, öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 142/1993 um svæðisráð málefna fatlaðra.

Félagsmálaráðuneytinu, 5. október 1998.

Páll Pétursson.

Þórhallur Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 342, 19. júní 1998, um loðnuveiðar erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands á loðnuvertíðinni 1998/1999.

1. gr.

Í stað: „7 færeysk skip“ í 2. mgr. 5. gr., sbr. 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 405, 13. júlí 1998, komi: 8 færeysk skip.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 13. október 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.